What could we do better?

Over the past two issues, we have looked at the waste services already available in rural areas and how we can sort and manage our waste better.

Now we want to look ahead.

There are several ways waste services in rural areas could be improved. Different solutions come with different costs and practical requirements. Before deciding what to do next, we want to understand which improvements would be most useful to residents.


Hvað getum við gert betur?

Í síðustu tveimur tölublöðum höfum við fjallað um þá sorpþjónustu sem nú þegar er í boði í dreifbýli og hvernig við getum flokkað og meðhöndlað úrganginn okkar betur.

Nú viljum við horfa til framtíðar.

Ýmsar leiðir koma til greina til að bæta sorpþjónustu í dreifbýli. Mismunandi lausnir hafa í för með sér ólíkan kostnað og mismunandi kröfur varðandi framkvæmd og rekstur. Áður en ákveðið verður hvert næsta skref á að vera viljum við því vita hvað myndi raunverulega nýtast íbúum best.

More special collection events | Fleiri sérstakir söfnunardagar



We already organise special collections for certain types of waste. One option could be to increase the number of collection events for waste such as:

Electronics · Hazardous waste · Tyres

This could make disposal easier without requiring permanent new facilities.

Nú þegar eru skipulagðar sérstakar safnanir fyrir ákveðna úrgangsflokka frá heimilum.
Einn möguleiki væri að fjölga söfnunardögum, til dæmis fyrir:

Raftæki · Spilliefni · Hjólbarða

Þannig væri hægt að auðvelda íbúum að losa sig við slíkan úrgang án þess að koma þurfi upp nýrri varanlegri aðstöðu.

Support for home composting | Stuðningur við heimajarðgerð



Food waste in rural areas is currently managed at home or disposed of with mixed waste.
One possibility is to support more home composting, for example through a municipal subsidy towards the purchase of a household composting machine.
This could help households manage food waste at home and reduce the amount of food waste disposed of with mixed waste.

Matarúrgangur í dreifbýli er nú almennt meðhöndlaður heima eða settur með blönduðum úrgangi.
Einn möguleiki væri að styðja betur við heimajarðgerð, til dæmis með styrk frá sveitarfélaginu til kaupa á jarðgerðarvél fyrir heimili.
Þetta gæti hjálpað heimilum að meðhöndla matarúrgang heima og minnkað það magn matarúrgangs sem fer í blandaðan úrgang.

Local recycling containers | Grenndarstöð fyrir endurvinnsluefni



Would it help to have somewhere closer to home to take certain recyclable materials?
Small recycling points could be provided at selected locations for materials such as:

Glass · Metal · Beverage containers

This could reduce the need to travel to Höfn for these materials.

Myndi það hjálpa að geta skilað ákveðnum endurvinnsluefnum nær heimilinu?
Hægt væri að koma upp minni grenndarstöðvum á völdum stöðum fyrir úrgangsflokka á borð við:

Gler · Málma · Skilagjaldsskyldar umbúðir

Þetta gæti dregið úr þörfinni á ferðum til Hafnar með þessa úrgangsflokka.

A local recycling station | Móttökustöð með fleiri úrgangsflokkum



Another possibility is a larger local recycling station with more waste streams available in one place.
Such a facility could provide more options locally, but would also require more investment and ongoing operation, including emptying, cleaning and monitoring.

Annar möguleiki væri stærri móttökustöð þar sem hægt væri að skila fleiri tegundum úrgangs á einum stað.
Slík aðstaða gæti veitt íbúum fleiri möguleika nær heimili en myndi jafnframt kalla á meiri fjárfestingu og reglulegan rekstur, þar á meðal tæmingu, þrif og eftirlit.

Support for bulky waste | Stuðningur vegna fyrirferðarmikils úrgangs



Furniture, renovation waste and other bulky items can be difficult and costly to manage when you live far from the sorting centre.
One possibility could be a voucher or discount scheme, allowing households to dispose of a limited amount of eligible bulky waste at the sorting centre free of charge or at a reduced cost.

Húsgögn, úrgangur vegna minni framkvæmda og annar fyrirferðarmikill úrgangur getur verið erfiður og kostnaðarsamur í meðhöndlun þegar langt er í móttöku- og flokkunarstöðina.
Einn möguleiki væri ávísana- eða afsláttarkerfi, þar sem heimilum væri gert kleift að skila takmörkuðu magni af tilteknum fyrirferðarmiklum úrgangi á móttöku- og flokkunarstöðina án gjalds eða gegn lægra gjaldi.

Have your say!

What would help you most?

Before deciding whether services should change, we want to understand:

- What waste is most difficult for your household to deal with?
- Which improvements would actually make a difference to you?
- Are there other solutions we should consider?

Help us decide what should be prioritised.
The survey result will be published.

TAKTU ÞÁTT Í KÖNNUNINNI
TAKE THE SURVEY

Íslenska · English · Polski

5 mínútur · 5 minutes

Segðu þína skoðun

Hvað myndi nýtast þér best?

Áður en ákveðið verður hvort og hvernig þjónustunni verði breytt viljum við vita:

- Hvaða úrgang er erfiðast fyrir þitt heimili að losa sig við?
- Hvaða úrbætur myndu raunverulega nýtast þínu heimili?
- Eru aðrar lausnir sem við ættum að skoða?

Hjálpaðu okkur að ákveða hvaða úrbætur ætti að setja í forgang.
Samantekt á niðurstöðum könnunarinnar verður birt að henni lokinni.